

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

1. gr.

6. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Arið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjar-sjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarstjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

4. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum

fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu 2, og kys bæjarstjórn þá með hlutfallskosningu; hafi þeir það starf á hendi um 2 ár, og mega þeir ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gjört innan hálf mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji, á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur farið þess á leit við stjórnarráðið, að lagt væri fyrir alþingi frumvarp til laga um nokkrar breytingar á bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins frá 8. október 1883, og hefur stjórnarráðið tekið tillögur bæjarstjórnarinnar í þessu efni til greina í framanskráðu lagafrumvarpi. Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer erindi bæjarstjórnarinnar með fylgiskjölum.

Í athugasemdunum hjer á eftir um hinar einstöku greinar frumvarpsins er getið þeirra breytinga, sem lagafrumvarpi þessu er ætlað að gera á bæjarstjórnarlögunum.

Við 1. gr.

Eftir frumvarpinu á að kjósa bæjarfulltrúana til 3 ára og þriðjungur þeirra fara frá árlega, en eftir núgildandi lögum eru þeir kosnir til 6 ára og helmingur þeirra fer frá á hverjum 3 ára fresti.

Við 2. gr.

Hjer er bætt við ákvæði, er heimilar að auka tölu hafnarnefndarmanna um helming.

Við 3. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins á oddviti bæjarstjórnar að ávísa útgjöldum eftir að þau eru samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, sem þau heyra undir, en eftir bæjarstjórnarlögunum á oddviti og að minsta kosti 3 fulltrúar að undirrita allar ávísanir.

Við 4. gr.

Eftir þessari grein frumvarpsins eiga yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna að vera 2, kosnir með hlutfallskosningu af bæjarstjórninni utan hennar til 2 ára, en eftir bæjarstjórnarlögunum er yfirskoðunarmaður einn, kosinn af bæjarbúum til 3 ára.
